

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Minningarsjóð Sigurðar Þórðarsonar» 149
Þórðarsonar» útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 14. 9. des.
desember 1916.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir »Minningarsjóð Sigurðar Þórðarsonar«.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjöfum sýslubúa í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum.

2. gr.

Stofnfje hans er 727 krónur, og skal það, að viðlögðum vöxtum frá 6. nóv. 1915, lagt í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands og ávaxtað þar. $\frac{1}{5}$ hluti árs-
vaxta leggist jafnan við höfuðstól, en $\frac{4}{5}$ hlutum skal varið til að verðlauna hjú-
um í nefndum sýslum.

Í júnímánuði ár hvert, í fyrsta skifti 1918, veitir sýslumaðurinn í Mýra-
og Borgarfjarðarsýslum upphæð þá, er útbyta skal, einhverju einu hjúi, er reynst
hefir sjerlega vel í stöðu sinni, karli eða konu, í fyrsta skifti hjúi í Mýra-
sýslu, en næsta ár hjúi í Borgarfjarðarsýslu og þannig á víxl framvegis. Að öðru
jöfnu gengur það hjú fyrir öðrum, sem lengst hefir verið í vist, hvort heldur
innan hjerads eða utan. Til þess að hljóta verðlaun útheimtist ekki, að hjúið
beiðist þeirra, heldur aflar sýslumaður sjer þekkingar á verðleikum hjúa í hjer-
aðinu á þann hátt, er honum þykir best henta, og veitir verðlaunin eftir þeim
kunnugleik. Sama hjúið getur hlotið verðlaun oftár en einu sinni, þó ekki fyr
en liðin eru 10 ár frá því, er það hlaut þau síðast.

3. gr.

Sýslumaður gerir árlegan reikning sjóðsins, leggur hann fyrir sýslunefnd-
irnar á víxl til endurskoðunar, og birtir hann síðan á prenti.

Reykjavík, 9. desember 1916.

Sigurður Þórðarson.